

1871.

13. desbr.

sýnir, að hann samkvæmt skipun þessari hafi leitað til máls við lávarð *Granville*, en að hann þegar verði að efast um, að þetta hafi nokkurn árangur, með því ætlaðt má til að enska stjórnin, eptir því, sem barst til tals í samræðu við forstjórnann í verzlunarráðinu (*board of trade*), sem sendiherrann skýrir frá, vili ekki leggja þau útgjöld á landið, sem þurfa mundi til að senda herskip til Íslands. Aptur á móti getur sendiherrann þess, að það sé æskilegt, að yfirgangur enskra fiskimanna verði sannaður fyrir ensku stjórninni svo fljótt sem auðið er, og stingur uppá, hvort ekki mætti útvega skýrslur um, hvar enskir fiskimenn leita til lands og hve mörg ensk fiskiskip sjást af Íslandi.

Útaf þessu gefst utanríkisstjórninni til vitundar, um leið og vör sendum aptur töð bréf sendiherrans, að dómsmálastjórnin þegar, samkvæmt tilmælum utanríkisstjórnarinnar í bræfi 25. júlí þ. á., hefir boðið hlutaðeigandi embættismönnum á Íslandi að reyna til að sanna, svo fljótt, sem því verður við komið, og svo ítarlega, sem unnt er, þann yfirgang, sem enskir fiskimenn kunna að sýna af sér á Íslandi, og á hinn bóginn álitur dómsmálastjórnin það ógjörandi að útvega skýrslur á Íslandi um tölu enskra manna, sem eru við fiskiveiðar við strendur landsins, en enska stjórnin virðist sjálf eiga hægra með að útvega þær.

28. desbr.

106. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um hið sama efni.

Í bræfi 22. þ. m. hefir utanríkisstjórnin skýrt frá, að enska stjórnin, samkvæmt skýrslu hins konunglega sendiherra í Lundúnum, virðist nú að minnsta kosti að nokkru leyti vera orðin fúsari til, að fara eptir uppástungu dönsku stjórnarinnar um, að láta enskt herskip hafa stöðvar við strendur Íslands, þar sem utanríkisstjórnin á Englandi ætlar beinlínis að skora á sjóliðsstjórnina, að senda herskip til Íslands á þeim fiskitíma, sem fer í hönd, en sjóliðsstjórnin mun að öllum líkindum verða við þessari á-

1871.

28. desbr.

skorun; hefir utanríkisstjórnin jafnframt þessu skýrt frá, að sendiherrann hafi óskað eptir, að sæð verði um, að hann geti, um leið og hann þakki lávarði *Granville* fyrir þessi vilyrði, sagt frá, á hverjum tíma það sæ hagfelldast að herskipið verði sent til Íslands, og á hverjum stöðvum sæ mest gagn að því, og mælist til, að vær látum til þær skýrslur, sem með þarf til að segja sendiherranum fyrir um þetta.

Útaf þessu gefum vör utanríkisstjórninni til vitundar, að vetrarvertíðin byrjar í öndverðum febrúarmán. og er á enda 12. dag maímán., en vorvertíðin nær frá þessum degi fram að lokum júnímán. Eptir skýrslum þeim, sem vör höfum fengið frá Íslandi, koma útlendir fiskimenn til landsins í byrjun aprílmán., og er það því á tímabilinu frá öndverðum þessum mánuði til loka júnímán., að hætt er við að útlendingar sæ fiskiveiði landsmanna til fyrirstöðu; en með því yfirgangur enskra fiskimanna, sem kvartað hefir verið undan, hefir venjulega átt sér stað á áliðnu sumri (í ágústmán.), væri æskilegt, að enska herskipið hefði stöðvar við strendur Íslands til loka ágústmán., en ef það gæti ekki fengizt, að dvölin yrði svo löng (frá aprílmán. til ágústmán.), mundi það þó vera betra, að skipið sæ við land heldur á tímanum frá júnímán. til ágústmán., en á tímanum frá aprílmán. til júnímán., og það því fremur, sökum þess að heldur hefir verið kvartað undan gripdeildum og öðrum yfirgangi enskra fiskimanna í landi, eða í eyjum og hölmum við strendurnar, en yfir því, að þeir hafi tálmað eða farið í bága við veiði landsmanna.

Um hitt atriðið skal þess getið, að kvartanir undan enskum fiskimönnum einkum hafa komið frá norður- og austurlandinu, og er því mest undir því komið, að skipið komi við fyrir norðan og austan.